


Staða þróunarverkefnis með Snjómæli, apríl 2006.

Megin tilgangur með þróun Snjómælis, er að smíða verkfæri sem þolir að vera staðsett í upptakasvæði snjóflóða og gefur stöðugar upplýsingar um uppsafnað snjómagn með fjarskiptasambandi.

Til að sanna getur Snjómælis var frumgerð smíðuð og sett upp til prófana í gili á Seljalandsdal við Skutulsfjörð (630 metra hæð). Prófanir hafa staðið yfir síðan í nóvember 2005, og hafa þær gengið nokkuð vel. En framanaf voru rekstrartruflanir í samskiptahluta mælis, sem nú hafa verið lagaðar.



Mynd 1, Snjómælir Seljalandsdal við Skutulsfjörð.

Mælir skynjaði eitt snjóflóð í vetur sem var 53 cm þykkt, 15 feb. kl 2:41.

Hægt er að hafa samband við búnaðinn með tveimur aðferðum. Annarsvegar með SMS og hinsvegar í gegnum TCP/IP yfir GPRS.

Búnaðurinn hefur reglulega samband við tilgreindan aðal miðlara sem geymir gögnin til nánari greiningar. Jafnframt er hægt að tilgreina vara miðlara ef samband skyldi rofna tímabundið við aðal miðlara. Í þeim tilvikum sem aðal miðlari fellur úr sambandi, reynir tækið að hafa samband við vara miðlara.

Tíðni aflesturs, tíðni losun gagna til miðlara, uppsetning miðlara og fjöldi aflestrastanga er skilgreind með einföldum skipunum sem er hægt að breyta meðan hún er í fullri keyrslu.

Einnig eru uppfærslur á hugbúnaði í tækinu mögulegar í gegnum TCP/IP yfir GPRS símakerfi.

Gert er ráð fyrir að endanleg útgáfa á hvernig gögnum er skilað og hvernig stjórnun fer fram verði í samvinnu við væntanlega kaupenda.

Nú er Snjóælir tilbúinn til framleiðslu-hönnunar og í framhaldi af því tilbúinn til sölu.

Áætlanir fyrir næsta vetur eru þegar komnar í gang og stendur fjármögnun yfir. En þær ganga út á að þróa fjarstýrt vaktkerfi, sem er staðsett í upptakasvæðum snjóflóða og gefur möguleika á að stýra búnaði sem hreyfir eða hristir snjóþekjuna, með það að markmiði að koma snjóflóði af stað, áður en snjómagr er orðið mikið. Með þessum búnaði opnast möguleiki á að gera tilraun til að senda snjóflóð niður í minni skömmtum, og um leið sannreyna stöðugleika snjóþekju. Þegar snjóflóð koma niður í minni skömmtum er minni orka leyst úr læðingi við hvert flóð og eins er þá hægt að stjórna tímasetningu flóða.

f.h. Pols Verkfræðistofu ehf.

Örn Ingólfsson
Urðarvegur 72
400 Ísafjörður